

Mál nr. 25/2013

Ár 2014, þriðjudaginn 27.maí, var haldinn fundur í siðanefnd HRFÍ að Síðumúla 15, Reykjavík.

Fyrir var tekið mál nr. 25/2013

X

gegn

Y

og kveðinn upp svohljóðandi úrskurður.

#### I. Málsmeðferð siðanefndar.

Í erindi kæranda (X) sem barst siðanefnd 25.nóvember 2013 er farið fram á úrskurð siðanefndar vegna þess að kærða (Y) hafi gerst brotleg við grundvallarreglur fyrir félagsmenn HRFÍ með því að para rakkann XX við tíkina YY án þess að rakkinn væri með gilt augnvottorð við pörun. Kæran var send kærðu til umsagnar með bréfi dagsettu 4.desember 2013 og henni gefinn andmælafrestur til 2.janúar 2014. Ekkert svar barst innan tilskilins frests og var kærðu send ítrekun með bréfi dags. 23.janúar 2014 þar sem henni var gefinn viðbótarsvarfrestur til 30. janúar sem kærða sinnti ekki heldur. Þar eð siðanefnd taldi að útséð væri um að kærða myndi halda uppi vörnum í málinu þá ákvað siðanefnd að taka málið til úrskurðar sem byggði á þeim gögnum sem fyrir lágu í málinu.

#### II. Helstu málsatvik og ágreiningsefni.

Samkvæmt innsendu pörunarvottorði dagsettu 4.október 2013 var rakkinn XX paraður við tíkina YY hinn 27.mars2013. Hundarnir eru af hundakyninu Pomeranian og er rakkinn í eigu kærðu. Við pörunina var rakkinn ekki með gilt augnvottorð. Kærandi telur að með pöruninni hafi kærða brotið gegn grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ. Kærða hefur ekki nýtt sér ítrekaðan andmælarétt sinn né á neinn hátt upplýst um þá ákvörðun að para rakkann án þess að hann hefði verið með fullgilt augnvottorð.

#### III. Forsendur.

Samkvæmt grein 2.6 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn HRFÍ skulu félagsmenn er nota hunda sína til ræktunar vera trúir ræktunarstefnu HRFÍ og vera vel að sér um það ræktunarmarkmið sem gildir fyrir viðkomandi hundakyn og í reglugerð um skráningu í ættbók, reglur sérdeilda segir um hundakynið Pomeranian:

„Augnskoðun: Vottorð má ekki vera eldra en 12 mánaða við pörun. (Gildir frá 01.03.2009). Greinist hundur með arfgenga vaxandi sjónurýrnun (PRA) fást hvolpar undan honum ekki ættbókarfærðir. Hundurinn, foreldrar og afkvæmi hans eru settir í ræktunarbann (Gildir frá 01.09.2012).“

Óumdeilt er að á þeim tíma sem pörun átti sér stað hinn 1-3.júlí 2013 hafði rakkinn ekki gilt augnvottorð en samkvæmt reglum sérdeilda er ljóst að við pörun hunda af kyninu Pomeranian

skal augnskoðun hafa farið fram og vottorðið má ekki vera eldra en 12 mánaða. Augnvottorð er eitt þeirra vottorða sem áskilin eru við heilsufarsskoðun hundakynsins. Hefur kærða því gerst brotleg við grein 2.6 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ.

Kemur þá til skoðunar hver séu hæfileg viðurlög við brotinu. Reglurnar kveða á um að ræktendur skuli vera vel að sér um það ræktunarmarkmið sem gildir fyrir viðkomandi hundategund og vera trúir ræktunarstefnu félagsins. Kærða hefur ekki komið fram með neinar útskýringar sér til málsbóta né útskýrt ástæður þörunarinnar. En kærða hefur ekki áður svo vitað sé gerst brotleg við reglur félagsins og telur siðanefnd því hæfileg viðurlög vera áminningu.

#### IV Niðurstaða

Kærða Y telst hafa gerst brotleg við grein 2.6 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ.

Kærða er áminnt.

f.h siðanefndar

---

Anna María Flygenring

---

Guðríður Þorbjörg Valgeirsdóttir

---

Kristín Sveinbjarnardóttir